

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Selfoss 1995-2015, Ástjörn.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. desember 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Selfoss 1995-2015, frá 4. september 1996.

Breytingin felst í því að svæði milli hesthúsahverfis og Tjarnarhverfis á Selfossi, þar sem áður var gert ráð fyrir tvískiptu verslunar- og þjónustusvæði, opnu svæði til sérstakra nota og opnu óbyggðu svæði, verður íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Árborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 8. desember 2004.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.